

# ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

---

**Mál nr. 10/2000**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/áb.tr. Kópavogsbæjar.**

**Slys í Sundlaug Kópavogs þ. 11.7.1999.**

## **Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.1.2000. ásamt skýrslu v. slyss og bréfi dags. 10.10.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 1312/1999
3. Lögregluskýrsla dags. 11.7.1999.
4. Bréf V dags. 23.11. 1999 og 18.1.2000.
5. Bréf v. Sundlaug Kópavogs dags. 6.9. og 23.11.1999.
6. Yfirlýsing 3 sundlaugargesta dags. 10.10.1999.
7. Ljósmyndir á tölvudisklingi.

## **Málsatvik.**

M fór í sund í Sundlaug Kópavogs og síðan í útisturtu og þaðan í útiskýli til að þurrka sér og klæða, en þegar M kom að skýlinu rak hún fæturnar í mottu á gólfinu og datt, en M segir að mottur sem eru á gólfinu hafi lagst á víxl upp á hvor aðra og það hafi valdið því að hún féll og lærbrotnaði. Skv. lögregluskýrslu sagðist M hafa dottið þegar hún var að þurrka sér eftir sundið. V hafnar bótaábyrgð og telur aðstæður á slystað óaðfinnanlegar og megi rekja slys M til óvarkárni hennar sjálfrar. Í bréfi frá Sundlaug Kópavogs segir, að M hafi sagt á laugarverði á vettvangi að hún hefði dottið og hafi hann kannað hvort eitthvað hálkumyndandi væri á gólfinu, en svo hafi ekki verið. Í vottorði 3. sundlaugargesta segir, að þeir hafi oft komið að útiskýlinu þannig að mottur hafi legið á misvíxl.

## **Álit.**

Þrátt fyrir það, að mottur þær, sem að M segist hafa dottið um hafi legið á misvíxl svo sem M heldur fram, þá leiðir það ekki til bótaskyldu í máli þessu. Sundlaugargestir vita og mega vita, að gæta þarf ítrustu varkárni á sundstöðum sérstaklega við sundlaugar og í og við búningsklefa og sturtur. Af þeim ástæðum m.a. verður að gera þær kröfur til sundlaugargesta, að þeir hafi varan á gagnvart minniháttar frávikum eins og um var að ræða í því tilviki sem hér ræðir um.

## **Niðurstaða.**

Bótaskylda V er ekki fyrir hendi í máli þessu.

Reykjavík 8.2.2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.